Reykjavík, 18. september 2020
Fundargerð 206. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 18. september var haldinn 206. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 08:30.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Undir liðum 1 til 6, verkefnum á grundvelli almannavarna, voru á fundinum Þóra K. Ásgeirsdóttir deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri og Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn.

Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir komu inn á fundinn undir lið 6.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Síðustu tölur

Farið stutt yfir tölfræði síðustu daga. Mikil fjölgun hefur orðið síðustu daga. Sú staðreynd að á höfuðborgarsvæðinu hafi komið upp um 53 ný smit og fæstir þeirra smituðu voru í sóttkví er grafalvarlegt mál. Það er einnig slæmt hversu lítil tenging er á milli þessara aðila og hversu mikið magn af veirunni hefur verið að finnast í einkennalausum einstaklingum. Það þýðir að fólk er grunlaust að það sé að smita og getur verið að dreifa veirunni víða. Einnig hefur fjölgað á viku um tæplega 500 manns, úr 302 í 793, í sóttkví og heildarfjöldi þeirra sem eru í dag í einangrun eru 108 eða fjölgun úr 75 sem hefur einnig mikil áhrif á þessa ákvörðun.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Auglýsing heilbrigðisráðherra, minnisblað sóttvarnalæknis

Farið yfir gildandi reglugerðir, minnisblöð sóttvarnalæknis og þær sem hafa verið gerðar á þeim.

Eftirfarandi lagt fram:

- Reglugerð um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19. Nr. 800. Dags. 18. ágúst 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi breytingu á 14 daga sóttkví hjá COVID-19 útsettum einstaklingum. Dags. 7. september 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi breytingu á 14 daga sóttkví hjá COVID-19 útsettum einstaklingum-viðbót. Dags. 8. september.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi aðgerðir á landamærum eftir 15. september 2020 til að takmarka útbreiðslu SARS-CoV2/COVID-19. Dagsett 10. september 2020.
- Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 800/2020, um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19. Nr. 893. Dags. 11. september.
- Þættir sem sóttvarnalæknir leggur til grundvallar að tillögum til ráðherra um takmarkanir/aðgerðir vegna COVID-19. Dags. 13. september 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi takmarkanir á höfuðborgarsvæðinu þ. 18. september 2020 vegna vaxandi útbreiðslu COVID-19. Dags. 17. september 2020.
- Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 864/2020, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Nr. 907. Dags. 17. september 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Ráðstafanir neyðarstjórna og sveitarfélaga

Neyðarstjórnir sveitarfélaganna hafa fundað reglulega og samstarf sveitarfélaganna og AHS verið mikið á ýmsum sviðum og samráðshópar í gangi. Fundir hafa verið haldnir með fræðslufulltrúum, félagsmálastjórum og stjórnendum íþrótta og tómstundarstarfs. Aukin varkárni er í skólasamfélaginu og hvatt er til þess að verði einnig gert í velferðarstarfi. Mikilvægt er að útbúa ferli um sýnatöku á sambýlum og heimilum þar sem íbúar þeirra eiga erfitt með að sækja slíka þjónustu.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Ráðstafanir LRH

Halla Bergþóra lögreglustjóri og Ásgeir Þór yfirlögregluþjónn fóru yfir ráðstafanir og verkefni LRH, bæði hvað varðar innra starf LRH og verkefni úti í samfélaginu. LRH undirbýr eftirfylgni með nýjum takmörkunum sóttvarnalæknis fyrir skemmtistaði og krár.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Ráðstafanir SHS

Slökkviliðsstjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni SHS. Verið að vinna með mögulegt smit sem tengist liðinu.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Önnur mál AHS

Þórólfur Guðnason kom inn á fundinn og fór yfir stöðuna og auknar takmarkanir sem hann hefur lagt til. Gripið verður til lokunar krána og skemmtistaða í Reykjavík, Mosfellsbæ, Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi, Kjósarhreppi og á Seltjarnarnesi.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Fjárhagsáætlun, fyrri umræða

Slökkviliðsstjóri fór yfir útkomuspá og endurskoðaða áætlun fyrir 2020. Í framhaldi fór hann yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað. Útkomuspá fyrir 2020. Dags. 14. september 2020.
- Minnisblað. Fjárhagsáætlun, fyrri umræða. Dags. 18. september. 2020.

Afgreiðsla: Fyrri umræða. Frestað til næsta fundar.

8. Skýrsla um áhættudreifingu í rekstri

Slökkviliðsstjóri fór yfir greinargerð varðandi áhættudreifingu í rekstri.

Eftirfarandi lagt fram:

- Greinargerð. Dreifing áhættu í rekstri SHS, árangursskýrsla. Dags. 16. september 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

9. Skýrsla um innra eftirlit

Óskað eftir frestun til næsta fundar stjórnar, í október.

Afgreiðsla: Frestað.

10. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 10:00.

Næsti fundur verður föstudaginn 25. september.

Fylgiskjöl:

AHS:

- Reglugerð um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19. Nr. 800. Dags. 18. ágúst 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi breytingu á 14 daga sóttkví hjá COVID-19 útsettum einstaklingum. Dags. 7. september 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi breytingu á 14 daga sóttkví hjá COVID-19 útsettum einstaklingum-viðbót. Dags. 8. september.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi aðgerðir á landamærum eftir 15. september 2020 til að takmarka útbreiðslu SARS-CoV2/COVID-19. Dagsett 10. september 2020.
- Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 800/2020, um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19. Nr. 893. Dags. 11. september.
- Þættir sem sóttvarnalæknir leggur til grundvallar að tillögum til ráðherra um takmarkanir/aðgerðir vegna COVID-19. Dags. 13. september 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi takmarkanir á höfuðborgarsvæðinu þ. 18. september 2020 vegna vaxandi útbreiðslu COVID-19. Dags. 17. september 2020.
- Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 864/2020, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Nr. 907. Dags. 17. september 2020.

SHS:

- Minnisblað. Útkomuspá fyrir 2020. Dags. 14. september 2020.
- Minnisblað. Fjárhagsáætlun, fyrri umræða. Dags. 18. september. 2020.
- Greinargerð. Dreifing áhættu í rekstri SHS, árangursskýrsla. Dags. 16. september 2020.

Dagur B. Eggertsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Gunnar Einarsson

Ásgerður Halldórsdóttir

Haraldur Sverrisson

Ármann Kr. Ólafsson